

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, iðnaðarsvæði í Krýsuvík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. maí 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 frá 18. maí 2007.

Breytingin felst í því að um 1 ha óbyggt svæði og svæði fyrir þjónustustofnanir breytist í iðnaðarsvæði (II) þar sem gert er ráð fyrir borsvæði vegna rannsóknaborana. Jafnframt fellur hverfisvernd á svæðinu niður.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 12. maí 2010.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*